

Nd.

269. Nefndarálit

um frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og gat eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn vill samþykkja það óbreytt, eða því sem næst, en við undirritaðir teljum óþarft eins og stendur að setja ný lög um þetta efni.

Meðan Deildartungupestin er að geisa um landið er það ástand fyrir hendi, sem enga löggjöf um útrýmingu annara sauðfjárveikinda er hægt að miða við. Eðlilega verður því að fresta útrýmingarböðun samkvæmt lögum nr. 90 3. maí 1935 á meðan svo stendur, en sennilegt, að aldrei gefist betra færi til að láta slíka böðun fara fram heldur en ef svo fer, að horfið verður að því ráði að skera niður allt fé á stóru svæði vegna pestarinnar, til að skipta um fjárstofn. Þá verður í bili fátta fé að baða. Hinsvegar duga lögín frá 30. nóv. 1914 vegna þrifabaðana meðan svona stendur, því að svo miklu leyti sem frá þeim þarf að víkja, þá hefir landbúnaðarráðherra fullt vald til samkvæmt lögnum að gefa út reglugerð, og er á þann hátt hægara að koma að öllu því, sem taka þarf til greina eins og nú stendur.

Alþingi, 6. des. 1937.

Jón Pálmason,
frsm.

Emil Jónsson.